



Norðurland eystra

Samantekt helstu niðurstaðna

Íbúasvæði Norðurlands eystra voru þrjú í könnuninni, þ.e. Akureyri, Eyjafjörður (öll sveitarfélög utan Akureyrar) og Þingeyjarsýsla. Heildarfjöldi svara á Norðurlandi eystra var 1.673. Þessi svæði tóku ekki þátt í sambærilegri könnun árið 2017.

Viðhorf til sveitarfélags

Í samanburði við önnur landsvæði eru Akureyringar og Eyfirðingar meðal þeirra jákvæðustu í viðhorfi til síns sveitarfélags en Þingeyjarsýsla í neðri hluta þess lista.

Búsetuskilyrði

Íbúar Akureyrar og við Eyjafjörð komu, ásamt höfuðborgarbúum, best út á landinu þegar spurt var um afþreyingu og raunar eru Akureyringar ánægðastir allra í könnuninni með almenningssamgöngur, framhaldsskóla, háskóla, íbúðir, leiguíbúðir, menningu, sorpmál, umhverfismál og vegakerfi. Þeir eru að auki meðal þeirra jákvæðustu í samanburðinum hvað varðar vöruverð og vöruúrval, unglिंगastarf, nettengingar, mannlíf, íþróttir, framfærslu, farsíma og atvinnuúrval. Akureyringar eru óánægðastir allra með loftgæði, borið saman við önnur landsvæði.

Ásýnd fær góða einkunn íbúa allra búsetusvæðanna þriggja á Norðurlandi eystra. Eyfirðingar eru einnig ánægðari en Akureyringar með leikskólaþjónustu. Fólki í sveitunum, bæði við Eyjafjörð og í Þingeyjarsýslum, er ánægðara með nettengingar en íbúar þéttbýlisstaðanna. Þingeyingar og Eyfirðingar gefa skipulagsmálum einnig hærri einkunn en Akureyringar, sem og umferð en raunar gefa Þingeyingar umferðaröryggi fjórðu hæstu einkunnina þegar umsagnir um það atriði eru bornar saman yfir landið. Þingeyingar eru einnig ánægðari en Eyfirðingar með vegakerfið en í samanburði við önnur landsvæði eru þeir óánægðastir allra með unglिंगastarf.

Í heildarstigagiöf fyrir landsvæðin 24 og þau 40 búsetuskilyrði sem spurt var um voru Akureyringar í 2. sæti, Eyfirðingar í 3. sæti og Þingeyingar í 13. sæti.